

M-70/2010 Álit 28. júlí 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. júlí 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-70/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þvottavél hjá fyrirtækinu Y, á árinu 2005. Álitsbeiðandi segir þvottavélina vera gallaða og krefst þess aðallega að seljandi greiði sér andvirði nýrrar þvottavélar af sömu eða svipaðri gerð eða komi verulega á móts við sig við kaup á nýrri þvottavél.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 21. maí, óskaði kæruneftndin eftir frekari upplýsingum frá álitsbeiðanda og fékk svar við því bréfi 26. maí. Með bréfi, dags. 16. júní, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bað hann um ákveðnar upplýsingar. Svarbréf barst nefndinni 25. júní. Með bréfi, dags. sama dag, gaf kæruneftndin álitsbeiðanda kost á því að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær 1. júlí. Með bréfi, dags. 2. júlí sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt því sem kemur fram í álitsbeiðni og upplýsingum frá seljanda keypti álitsbeiðandi þvottavélina 13. júlí 2005. Vélina er af gerðinni A og kostaði kr. 34.900. Kæruneftndinni hefur ekki tekist að afla sér upplýsinga um þessa tegund þvottavéla, nema að starfsmaður seljanda sagði þær vera framleiddar annaðhvort í Kína eða Tyrklandi. Álitsbeiðandi segir vélina hafa verið mjög háværa þegar hún hafi undið. Að ábendingu félaga síns hafi hann skrúfað topplokið af henni og þá hafi komið í ljós að steypuklumpur á toppi vindunnar hafi verið hálf laus. Þennan steypuklump hafi hann hert. Hinn steypuklumpurinn, sem að endingu hafi brotnað, hafi verið utan um opið á vindunni og til þess að komast að honum hefði þurft að rífa alla þvottavélina í sundur. Ekki hafi hann kvartað undan hávaðanum við seljanda. Fyrir viku síðan [Álitsbeiðnin er rituð 19. maí sl.] hafi heyrst mikill hávaði í þvottavélinni og belgurinn slegist í útveggi vélarinnar. Í ljós hafi komið að steypuklossinn í kring um opið á belgnum hafi verið brotinn og stykki úr honum á gólfinu undir vélinni. Þessi klossi hafi ekki verið nægjanlega festur í verksmiðjunni sem þýði að brotnað hafi út úr skrúfufestingum við titringinn við notkun vélarinnar. Samkvæmt þjónustuaðila Y sé þvottavélin ónýtt. Álitsbeiðandi segist lítið hafa notað þvottavélina frá því að hann keypti hana. Hann hafi kvartað undan galla í þvottavélinni 17. maí og hafi seljandi hafnað kvörtuninni sama dag.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. eftirfarandi:

„A þvottavélar eru ekki lengur til hjá Y og sambærilegar vélar er ekki auðvelt að benda á. B þvottavél er sú sem er í áþekktum verðflokki og kostar nú 84.995 kr. m/vsk (ath. gengishrunnið) eða C þvottavél sem kostað 89.995. Y getur ekki fallist á að bæta þvottavélina með nýrri þvottavél. Notanda vélarinnar bar að tilkynna um bilun (hávaða) og láta viðurkenndan viðgerðaraðila skoða hana og laga. Í lýsingu X segir að hann hafi hert lausan steypuklump að ofan og notað svo vélina áfram þar til steypuklumpur að neðan hafi losnað með tilheyrandi skemmdum. Þetta er því vanræksla á því að gefa Y kost á að skoða vélina og laga.“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda segir aðallega eftirfarandi:

„Ég get með engum hætti fallist á röksemdafærslu E [E ritaði andsvör Y.] þar sem hann telur að mér sem kaupanda beri að framkvæma gæðaeftirlit með tækjum sem Y selur. Vélin stendur í stofunni hjá mér og vitnar um framleiðslugalla. Nánast ónotuð en ónýtt.“

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Álitsbeiðandi keypti þvottavélina 13. júlí 2005. Fram kemur í álitsbeiðni að þvottavélin hafi verið mjög hávær en álitsbeiðandi segist ekki hafa kvartað við seljanda vegna þess. Hann hafi fyrst kvartað 17. maí sl. þegar steypuklumpurinn utan um vinduopið hafi brotnað og segir álitsbeiðandi að þessi klumpur muni ekki hafa verið nægjanlega vel festur í verksmiðjunni. Þvottavélin var þannig orðin nærri fimm ára þegar kvörtun barst seljanda. Kærunefndin fær ekki betur séð en að yfirgnæfandi líkur séu á sama máli hafi gengt með báðum steypuklossana, að þeir hafi frá upphafi ekki verið nægilega vel festir, eins og álitsbeiðandi reyndar heldur fram. Fyrst álitsbeiðandi hafði sjálfur séð að annar þeirra var laus mátti hann gruna að ekki væri allt með felldu með hinn steypuklossann og hefði varla farið sem fór hefði hann líka verið nægilega festur. Það er í sjálfu sér engum vafa undirorpið að þvottavélin var gölluð að þessu leyti í skilningi 15. og 16. gr. neytendakaupalaga og hefði verið eðlilegt að álitsbeiðandi gerði seljanda viðvart um þetta ástand þvottavélarinnar sem þá var ný eða nýleg.

Í 27. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um tilkynningu neytanda til seljanda þegar neytandi telur söluhlut vera gallaðan. Segir svo í lagagreininni:

Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til

að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Jafnframt er neytanda heimilt að tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

Neytandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda um gallann innan tímamarka greinarinnar. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

Eins og atvik málsins horfa við kæruneftndinni er það álit hennar að til þess að álitsbeiðandi eignaðist rétt til úrbóta á hendur seljanda hefði hann átt að kvarta án ástæðulauss dráttar við seljanda um meintan galla á þvottavélinni, sbr. ákvæði 1. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga, vegna þess hávaða í þvottavélinni sem hann taldi vera óeðlilegan og láta hann sjá um nauðsynlegar viðgerðir á vélinni. Kvörtun seljanda barst hins vegar ekki fyrr en nær fimm árum eftir að álitsbeiðandi fékk þvottavélina í hendur og var því allt of seint fram komin samkvæmt frammannefndu lagaákvæði. Kæruneftndin álitur að vegna þessa hafi álitsbeiðandi glatað úrbótarétti á hendur seljanda. Við þetta bætist svo það að liðinn var tveggja ára kvörtunarfrestur þegar kvörtun álitsbeiðanda barst seljanda, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga, og miklum vafa er undirorpið að fimm ára kvörtunarfrestur samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. laganna eigi við um þvottavél álitsbeiðanda. Samkvæmt öllu því sem að framan segir er það álit kæruneftndarinnar að hafna verði kröfum álitsbeiðanda.

VII

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir